

Fimmtudaginn 6. apríl 1995.

Nr. 25/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Birni Gísla Bragasyni

(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Bifreiðar. Ölvunarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um lagaatriði og endurskoðun á ákvörðun viðurlaga, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. janúar 1995 til þyngingar á refsingu ákærða og enn frekari sviptingar ökuréttar.

Í niðurstöðu rannsóknastofu í lyfjafræði 31. ágúst 1994 kemur fram, að magn etanóls í blóði ákærða var 0,28%, en í þvagi 0,42%. Magn díazepams og nordíazepams í blóði ákærða svaraði til töku díazepams í fullum lækningalegum skömmtum, en magn karísópródóls og mepróbamats svaraði hins vegar til töku karísópródóls í mjög stórum skömmtum. Þá kemur fram, að karísópródól og díazepam hafi samverkandi áhrif. Segir í niðurstöðunni, að telja verði, að ákærði hafi verið afar sljór eða meðvitundarlaus, þegar sýnin voru tekin.

Sýni voru tekin úr ákærða rúmri klukkustund eftir, að lögreglu var tilkynnt, að ákærði væri að fara af stað á bifreiðinni, en gögn málsins bera ekki með sér, hvenær lögregla kom á vettvang. Ekki verður ráðið af niðurstöðu rannsóknastofunnar, hvert magn lyfja var í blóði ákærða, er hann hugðist reyna að aka bifreiðinni á brott. Verður ákærði að njóta þess vafa, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þykir því mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, sviptingu ökuréttar og sakarkostnað, þó þannig, að svipting ökuréttar ákærða skal vera frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Héraðsdómari kvað upp þann úrskurð 12. janúar sl., að áfrýjun dóms í máli þessu frestaði frekari framkvæmd á sviptingu ökuréttar ákærða. Ekki voru efni til frestunar þessarar, eins og hér stóð á.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Björns Gísla Bragasonar, og sakarkostnað í héraði er staðfest.

Ákærði er sviptur ökurétti í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Friðjóns Arnar Friðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 6. janúar 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f. m., er höfðað með ákæruskjali lög-reglustjórans á Selfossi, út gefnu 23. nóvember 1994, á hendur Birni Gísla Bragasyni, fæddum 23. október 1959, til heimilis að Kambahrauni 52, Hveragerði, „fyrir að aka um eða skömmu eftir miðnætti mánudaginn 8. ágúst 1994 bifreiðinni Ö-7554 undir áhrifum deyfandi efna á bifreiðastæði við Kambahraun 52 í Hveragerði, þannig, að hann var ófær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga“.

Mál þetta sætir meðferð hér fyrir dómi eftir ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991. Var það þingfest 15. f. m. og dómtekið í sama þinghaldi að lokinni skýrslutöku af ákærða og umfjöllun verjanda hans og fulltrúa ákærvalds um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

I.

Ákærði hefur skýlaust viðurkennt að hafa reynt að aka bifreiðinni Ö-7554 undir áhrifum deyfandi efna frá heimili sínu að Kambahrauni 52 í Hveragerði laust eftir miðnætti mánudaginn 8. ágúst 1994. Kveðst ákærði

fyrir dómi gera sér grein fyrir því, að hann hafi verið alls ófær um að stjórna ökutæki örugglega í umrætt sinn, meðal annars vegna lyfjaneyslu sinnar.

Blóðsýni var tekið úr ákærða klukkan 1.10 aðfaranótt umrædds mánu-dags og það sent rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði þegar sama dag, eftir því sem fram kemur í málgögnum. Í bréfi Þorkels Jóhannessonar prófessors, dags. 31. ágúst 1994, segir svo um niðurstöðu rannsóknar á blóðsýninu: „... Í blóðinu var díazepam, 525 ng/ml, og umbrotsefni þess, nordíazepam, 100 ng/ml. Í blóðinu var einnig karísópródól, 5 míkróg/ml, og umbrotsefni þess, mepróbat, 12 míkróg/ml. Magn díazepams og nor-díazepams í blóðinu svaraði til töku díazepams í fullum lækningalegum skömmtum. Magn karísópródóls og mepróbamats svaraði hins vegar til töku karísópródóls (Somadríl) í mjög stórum skömmtum. Verður því að telja, að hlutaðeigandi hafi verið afar sljór eða meðvitundarlaus, þegar sýn-in voru tekin. Þess er svo enn að gæta, að karísópródól og díazepam hafa samverkandi verkun.“

Af hálfu ákærða hefur verið lögð á það áhersla, að hann hafi neytt þeirra lyfja, sem hér um ræðir, að læknisráði.

II.

Með framburði ákærða, þeirri niðurstöðu blóðrannsóknar, sem að fram-an er getið, og öðrum gögnum málsins verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar þessi háttsemi hans við 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

III.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, sem áhrif hefur við ákvörðun viðurlaga í þessu máli.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í sektar stað, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 101. gr. umferðarlaga, sbr. og H. 1985, 1452, ber að taka til greina þá kröfu ákæruvalds, að ákærði verði sviptur ökurétti vegna þess brots hans, sem hér um ræðir. Telst hæfilegt, að ákærði sæti sviptingu öku-réttar í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talda þókn-un skipaðs verjanda síns, Sigurðar Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 20.000 krónur.

Porgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Dómsupp-saga hefur dregist lítillaga vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björn Gísli Bragason, greiði 25.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökurétti í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 20.000 krónur.
